



Guðrún J. Hjartar — minning

17. desember 2009

Húnvetnsk bændamenning var arfleifð hennar og heimanmundur, fylgdi henni alla ævi, vestur á firði, aftur norður til Siglufjarðar og svo áratugi í Reykjavík. Það voru merkileg örlög að dóttir Jóns í Stóradal, alþingismannsins sem stofnaði Bændaflokkinn ásamt Tryggva, í uppreisn gegn Jónasi, skyldi svo ganga að eiga unga kaupfélagsstjórnann frá Þingeyri sem Jónas hafði fóstað í gamla Samvinnuskólanum við Sölvhólsgötu.

Þessi tími er hluti af horfinni öld, saga Íslands sem nú er lesin í skólum, en samt er svo stutt síðan að þegar Guðrún J. Hjartar andast í hárrí elli leitar hugur okkar til þess sem mótaði hana unga og reyndar alla tíð.

Þegar ég drengnokki kom með afa og ömmu til Siglufjarðar, páskaferð með Esjunni, og svo nokkru síðar á Kvisthagann, þegar þau Hjörtur voru flutt suður með barnahópin, skynjaði ég þótt óljóst væri hve Guðrún var sérstæð og merk, sjálfstæð en um leið kímín í alúð sinni.

Hirti var falinn margvíslegur trúnaður á vettvangi samvinnuhreyfingarinnar og lengi var hann þar í fremstu forystusveit; oft stormasamt þegar átökin voru grimm. Ætíð var Guðrún stoð hans og stytta, félagi, vinur og ráðgjafi; veitti honum það skjól sem þurfti til að ná hvíld fyrir næstu lotu.

Hún var ekki aðeins húsmóðirin sem stolt ól upp hin mannvænlegu systkini heldur bjó líka að menntun sinni og áhuga á menningu og þjóðlegum fróðleik. Hún fylgdist náíð með atburðum á vettvangi dagsins, var liðtæk og vel liðin í sveit framsóknarkvenna. Þegar flokkurinn og hreyfingin voru eitt áhrifamesta aflið í þjóðlífinu voru þau Hjörtur, bæði í krafti hugsjóna sinna og hæfileika, meðal helsta trúnaðarfólks forystunnar.

Við í fjölskyldunni munum Guðrúnu þó fyrst og fremst sem hinn góða vin, glaðværa og stolta og ávallt fagnaði hún öllum sem komu í heimsókn, oft með tilvísunum í nýjar bækur eða orðræðu líðandi stundar.

Mamma og pabbi virtu hana ætíð mikils og margar eru minningarnar sem tengjast heimili þeirra Hjartar; líka eftir að mamma dó og við pabbi vorum þar oft um helgar og á hátíðisdögum.

Það var mér því mikils virði löngu eftir að þau voru öll dáin, fólkið sem hér er nefnt, að Guðrún skyldi enn vera svo ern þótt öldruð væri að geta verið með okkur í Dómkirkjunni og Alþingishúsinu, nokkrum sinnum við embættistöku. Þær báðar, hún og Margrét móðursystir sem nýlega lést, voru þar komnar sem eins konar fulltrúar alls þess góða fólks sem ól okkur frændsystkinin upp og gaf okkur það veganesti sem best hefur dugað.

Ólafur Ragnar Grímsson

Birt í Morgunblaðinu, mánudaginn 21.12. 2009.